



AÐALDÆLAHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. P 128/227
komudagur 21.11.2002

Iðjugerði 1, 21/11 2002.

Nefndasvið Alþingis, félagsmálanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.


Efni: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15.mál, íbúáþing.

Á fundi sveitarstjórnar Aðaldælahrepps 14.nóvember sl. var bókað eftirfarandi:
“Tekið fyrir bréf frá félagsmálanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um breytingu á Sveitarstjórnarlögum. Lagabreyting þessi felur í sér að inn kemur ný grein undir fyrirsögninni, -Íbúáþing-.

Þar er sveitarstjórnnum gert skylt að standa fyrir íbúáþingi að jafnaði einu sinni á kjörtímabili. Þar gefst íbúum kostur á að koma fram skoðunum sínum og sveitarstjórn að leita samráðs við þá um málefni sveitarfélagsins. Að loknu íbúáþingi skal sveitarstjórn gera grein fyrir niðurstöðum þess. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra setji reglur um framkvæmdina (Sbr. 1. gr. síðasta málsgrein)

Sveitarstjórn er efnislega sammála breytingartillögunni en telur það ekki í anda íbúalýðræðis að ráðherra setji reglur um framkvæmdina. Það skuli vera í höndum viðkomandi sveitarstjórna.”

Fh. sveitarstjórnar Aðaldælahrepps,


Ólína Arnkeitsdóttir, oddviti.

Alþingi
Erindi nr. P 128/59
komudagur 14.11.2002

Akraneskaupstaður

JPP/rp
Skj. 000.2/AK13545



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 11. nóvember 2002, var m.a. tekið fyrir bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 6.11.2002, þar sem óskað er umagnar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Bæjarráð telur hugmyndina allrar athygli verðar, en minnir á að fjármunir verða að fylgja nýjum og auknum verkefnum, sem ríkið vill að sveitarfélögin sinni með öðru eða breyttu umfangi en nú þegar er gert.”

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 12. nóvember 2002.

Virðingarfyllst,

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari

Alþingi
Erindi nr. P 128/87
komudagur 18.11.2002



Akureyrarbær
Bæjarstjóri

Alþingi
Hildur Njarðvík
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 15. nóvember 2002

Efni: Íbúáping - frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál

Bæjarráð hefur á fundi sínum í gær gert eftirfarandi bókun:

Íbúáping - frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál

"2002110029 / 01-710

Erindi dags. 6. nóvember 2002 frá félagsmálanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáping.

Bæjarráð tekur undir þau megin sjónarmið sem sett eru fram í frumvarpinu. Bæjarráð álitur hins vegar æskilegt að breytingar á sveitarstjórnarlögum séu gerðar á grunni samráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins fremur en á forsendum ríkisins sbr. síðustu málsgr. 1. gr."

Þetta tilkynnist hér með.

f. h. bæjarstjóra

Sólveig Gunnarsdóttir
Sólveig Gunnarsdóttir





128/

Alþingi

Erindi nr. Þ 128/630

komudagur 11.12.2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

Bjarnastöðum, 10. desember 2002

Umsögn hreppsráðs Bessastaðahrepps

um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, þskj. 15 – 15. mál 128. löggjafarþings 2002-2003:

Á fundi hreppsráðs Bessastaðahrepps þann 5. desember 2002 var samþykkt svohljóðandi umsögn um téð lagafrumvarp:

“Hreppsráð Bessastaðahrepps hafnar fram lögðu frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, þskj. 15 – 15. mál 128. löggjafarþings 2002-2003.

Hreppsráð telur eðlilegt að sveitarstjórnir leiti til íbúa í auknum mæli um ýmis málefni sveitarfélaga með borgarafundum eða íbúáþingum, sem mörg stærri sveitarfélög hafa efnt til á undanförunum árum um einstök mál og málaflokka, þ.á.m. Bessastaðahreppur.

Hreppsráð álitur 104. gr. sveitarstjórnarlaga vera nægilega bindandi fyrir sveitarfélög hvað þetta varðar og telur fram lagt frumvarp um lögbindingu íbúáþinga og setningu regla af hálfu ráðherra í kjölfarið, eins og frumvarpið segir til um, ekki vera rétta leið til þróunar íbúalýðræðis meðal sveitarfélaga, heldur eigi slíkar ákvarðanir áfram að vera í valdi sveitarfélaganna sjálfra.”

Virðingarfyllst,

Gunnar Zahur Gíslason, sveitarstjóri



- BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR
- AÐALSTRÆTI 12 • 415 BOLUNGARVÍK
- SÍMI: 450 7000 • FAX: 450 7009
- NETFANG: bolungarvik@bolungarvik.is
- VEFFANG: www.bolungarvik.is

Alþingi
Erindi nr. P 128/290
komudagur 27.11.2002

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík, nefndarritara
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Bolungarvík, 26.nóvember 2002.

Sendi hér með fumrit af þeim tölvupósti er sendur var til þín í gær, samkvæmt beiðni þinni í bréfi til bæjarstjóra Bolungarvíkur, dagsettu 6. nóvember sl., er varðar frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúafing.

Virðingarfyllst,

Kristín G. Gunnarsdóttir

F.h. bæjarstjóra
Kristín G. Gunnarsdóttir



- BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR
- AÐALSTRÆTI 12 • 415 BOLUNGARVÍK
- SÍMI: 450 7000 • FAX: 450 7009

Ólafur Kristjánsson

Tö: nefnasvið@althingi.is

Subject: Umsögn um frumvarp til laga þskj. 15 - 15. mál

Á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur sem haldinn var fimmtudaginn 21. nóvember 2002 var staðfest bókun bæjarráðs Bolungarvíkur vegna frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Eftirfarandi samþykkt var staðfest:

“ Bæjarráð telur ekki ástæðu gil að setja sérstaklega inn í sveitarstjórnarlög tilskipun um íbúáþing. Ákvörðun um slíkt verði sem hingað til á valdi sveitarstjórna.”

Með góðum kveðjum.

Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/648
komudagur 12.12.2002



BORGARFJARÐARSVEIT

Kt. 480698-2669 Litla-Hvammi, Reykholt
Pósthólf 60, 320 Reykholt.
Sími: 435 1140; NMT 855 1508
Netfang: sveitarstjori@borgarfjordur.is

Félagsmálanefnd Alþingis,
Hildur Njarðvík, nefndarritari,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Reykholti, 12. desember 2002

Erindi: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Beiðni Félagsmálanefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps til sveitarstjórnarlaga um íbúáþing var lögð fyrir hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar þann 21. nóvember s.l. Var undirrituðum falið að svara erindinu.

Það er samdóma álit hreppsnefndar að hugmyndin um íbúáþing, eins og þau hafa verið framkvæmd í nokkrum sveitarfélögum, sé áhugaverð og mikilvæg, og að stofna ætti til íbúáþinga með reglubundnum hætti í sveitarfélögum landsins.

Engu að síður er það skoðun hreppsnefndar að hugmyndina um íbúáþing ætti ekki að setja í lög, enda tæpast rétt að binda hendur sveitarstjórna meira en gert hefur verið verið. Nær væri að leggja fram þingsályktunartillögu um þetta efni, þar sem sveitarfélög yrðu hvött til að gera íbúáþing að eðlilegum þætti í starfsemi sinni.

Til eru fjölmargar aðferðir við að efla virkt lýðræði og er hugmyndin um íbúáþing einungis ein þeirra. Sveitarfélögunum ætti að vera í sjálfsveld sett hvaða aðferðir séu notaðar, enda séu aðstæður sveitarfélaga afar mismunandi. Hvert sveitarfélag verður að finna sér sínar eigin leiðir við val á aðferðum til eflingar hins virka lýðræðis.

Virðingarfyllt,
f.h. Borgarfjarðarsveitar,

Bergur Þorgeirsson,
hreppsnefndarmaður í Borgarfjarðarsveit.



Búðahreppur, Fáskrúðsfirði
Hafnargötu 12 · 750 Fáskrúðsfjörður
☎ 475 1220 · Fax 475 1327

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/599
komudagur 9.12.2002


Nefndasvið Alþingis
B.t. Félagsmálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fáskrúðsfirði 6. desember 2002.

Á fundi sveitarstjórnar Búðahrepps þann 5. desember s.l. var fjallað um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing sem sent var sveitarfélaginu til umsagnar.

Eftirfarandi var fært til bókar, að sveitarstjórn telur hugmynd um íbúáþing góða en sveitarfélög eigi að hafa sjálfræði um framkvæmd og tilhögun þeirra og leggst því gegn frumvarpinu.

Tilkynnist framangreint hér með.

Virðingarfyllst
f.h. sveitarstjórnar Búðahrepps
Sveitarstjóri Búðahrepps

Steinþór Pétursson
sveitarstjóri



Dalvík 14. nóv. 2002

**Félagsmálanefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

Bréf Félagsmálanefndar Alþingis dags. 6. nóv. 2002 og varðar ofangreint frumvarp var tekið til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Dalvíkurbyggðar þann 14. nóv. 2002. Undirrituðum var falið að gefa umsögn um frumvarpið í samræmi við umræður á fundinum.

Hugmyndin um íbúaving fékk jákvæðar undirtektir, en ekki þótti ástæða til að binda það í lög sem skylduverkefni sveitarstjórna m.a. vegna mismunandi stærðar og aðstæðna í sveitarfélögum.

Því er ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Valdimar Bragason, bærarstjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 128/633
komudagur 6.12.2002

Félagsmálanefnd.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps fjallaði á fundi sínum 5. des. 2002 um bréf félagsmálanefndar Alþingis dags. 6. nóv. 2002 varðandi mál 15; frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Samþ. var að gefa ekki umsögn og vísa í stað þess á umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ofanritað tilkynnist hér með um leið og beðizt er velvirðingar á því hve seint erindinu er svarað.

Djúpavogi 6. des. 2002;
Bj. Hafþór Guðmundsson,
sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

Alþingi
Erindi nr. þ 128/527
komudagur 4.12.2002

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is

4. desember 2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing. Stjórnin samþykkti eftirfarandi á fundi sínum í dag:

Stjórn Eyþings telur íbúáþing jákvætt skref í íbúalýðræði. Stjórnin telur hins vegar óþarft að lögbinda skyldu sveitarstjórna til að standa fyrir íbúáþingi og leggst því gegn frumvarpinu. Ekkert kemur í veg fyrir að slík þing séu haldin ef sveitarstjórnir kjósa eða íbúarnir þrýsta á um slíkt. Benda má á að færst hefur í vöxt að undanförmu að íbúáþing séu haldin án þess lögbundið sé.

Þá leggst stjórn Eyþings gegn því að ráðherra séu gefnar opnar heimildir til setningu reglugerða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

f.h. stjórnar Eyþings



Petur Þór Jónsson

framkv.stjóri



Fellahreppur

Einhleypingí 1 - 701 EGILSSTADIR - Sími 4/1 1341 - Fax 4/1 2165 - Kennitala: 330169-2279

Alþingi
Erindi nr. P 128/88
komudagur 18.11.2002

komudagur 18.11.2002

Fellahreppi 14. nóvember 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150. Reykjavík.

Umsögn

Á fundi sveitarstjórnar Fellahrepps dags. 13. nóvember 2002, var kynnt frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, **íbúafing**.

Sveitarstjórn Fellahrepps fagnar framkomnu frumvarpi og telur það brúa bil milli almennings og kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum. Íbúar koma í auknum mæli að ákvarðanatökum sem þá varða og verða um leið fróðari um málefni síns sveitarfélags.

Þessu er hér með komið á framfæri

Virðingarfyllst
f.h. Fellahrepps

Jens P. Jensen
sveitarstjóri Fellahrepps.

Alþingi
Erindi nr. P 128/71
komudagur 15.11.2002



Alþingi Íslendinga
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 14. nóvember 2002

Tilvísun: FEL02110021/0005/GB/--

Vísað er til erindis yðar, dags. 6. nóvember 2002, þar sem fram kemur að félagsmálanefnd Alþingis hafi ákveðið að óska álits félagsmálaráðuneytisins á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 sem lagt hefur verið fram á þingskjali 15 - 15. mál. Flutningsmenn eru Margrét Frimannsdóttir, Bryndís Hlökkversdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján L. Möller.

Í frumvarpinu er lagt til að mælt verði fyrir um skyldu sveitarstjórna til að standa að jafnaði á hverju kjörtímabili fyrir íbúðingum, þar sem sveitarstjórn skal leitast við að hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsröðun verkefna. Jafnframt er mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli að íbúðingum loknu gera grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar. Loks er lagt til að ráðherra verði falið að setja nánari reglur um framkvæmd íbúðings.

Í meginatriðum er ráðuneytið sammála þeim markmiðum sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. að stuðla að auknu samráði sveitarstjórnar við íbúa sveitarfélagsins og að tryggja að tekið verði tillit til vilja íbúanna við gerð langtímaáætlana og fjárhagsáætlana fyrir sveitarfélagið. Jafnframt telur ráðuneytið að íbúðing geti verið hentug aðferð til samráðs sveitarstjórnar við íbúa sveitarfélagsins, ekki síst í þéttbýli. Ráðuneytið telur hins vegar ástæðu til að setja mikinn fyrirvara við það að löggjafinn mæli fyrir skyldu sveitarfélags til að viðhafa ákveðna aðferð þegar kemur að samráði við íbúa.


Rétt er að minna á að í 104. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 eru taldar upp ýmsar leiðir sem sveitarstjórn er heimilt að fara þegar hún telur nauðsyn á samráði við íbúa sína, svo sem að halda borgarafundi eða viðhafa almennar atkvæðagreiðslur um einstök mál. Jafnframt er í greininni ákvæði sem skyldar sveitarstjórn til að halda almennan borgarafund ef 1/4 hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Að auki skal tekið fram að ekkert er því til fyrirstöðu að sveitarstjórnir viðhafi aðrar aðferðir þegar samráð er haft við íbúa, svo sem með því að auglýsa almenna viðtalstíma við sveitarstjórnarmenn og/eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Þá felur almenn tölkvunotkun hér á landi í sér aukna möguleika á að samráð sveitarfélaga við íbúana fari fram með rafrænum hætti, svo sem með gerð vefkannana eða uppsetningu spjallþráða þar sem íbúar geta komið á framfæri skoðunum sínum um einstök mál.

Ráðuneytið telur ástæðu til að minna á að í 78. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Ákvæðið felur í sér að löggjafinn getur sett í lög fyrirmæli til sveitarfélaga en eðlilegt er að þeirri heimild verði fyrst og fremst beitt þegar nauðsyn krefur og að ekki sé þá gengið lengra en ástæða er til. Ráðuneytið telur að í frumvarpinu sé gengið of langt með því að taka af sveitarfélögum réttinn til þess að ákveða sjálf með hvaða hætti samráð við íbúana skuli fara fram, en ólíkar aðstæður í sveitarfélögum, svo sem íbúafjöldi og vegalengdir gera það að verkum að sama aðferðin hentar ekki alls staðar. Það er því mat ráðuneytisins, með vísan til þess sem að framan er rakið, að sú leið sem mælt er fyrir um í frumvarpinu sé ekki sérstaklega til þess fallin að ná þeim markmiðum sem lýst er í greinargerð.

Bent skal á að mörg sveitarfélög hafa að eigin frumkvæði tekið upp reglulegt samráð við íbúa sína, meðal annars með því að halda íbúáþing. Telur ráðuneytið ástæðu til að draga mjög í efa að þörf sé á að setja lög sem skylda sveitarfélög til slíks samráðs. Ef það er hins vegar vilji Alþingis að ljá frumvarpinu brautargengi telur ráðuneytið að gera þurfi á því verulegar breytingar. Eðlilegt virðist að fyrsti málsliður frumvarpsins falli brott og að í ákvæðinu verði þess í stað kveðið á um að sveitarstjórnir skuli á hverjum tíma leitast við að hafa samráð við íbúa sína, meðal annars um forgangsröðun verkefna og önnur málefni sem skipta íbúa sveitarfélagsins verulegu máli. Ráðuneytið telur óeðlilegt að löggjafinn mæli fyrir um þá aðferð sem notuð verði við slíkt samráð og að ákvörðun um framkvæmd samráðs sé betur komin hjá viðkomandi sveitarstjórn sem metur hvaða aðferð hentar í hverju tilviki að teknu tilliti til aðstæðna í sveitarfélaginu.

Ráðuneytið getur tekið undir það sem fram kemur í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að sveitarstjórn skuli með einhverjum hætti gera íbúum sínum grein fyrir afstöðu sinni til framkominna tillagna. Ráðuneytið telur hins vegar að ákvörðun um með hvaða hætti kynning fer fram eigi betur heima hjá sveitarstjórn en hjá löggjafanum. Loks telur ráðuneytið, með vísan til alls sem að framan er rakið, að ákvæði 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins sé óþarft.

F. h. r.



Garðar Jónsson / Guðjón Bragason

Alþingi
Erindi nr. P 128/200
komudagur 20.11.2002



Alþingi
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. nóvember 2002
Tilvísun: 2002110017

Efni: Frumvarp til sveitarstjórnalaga, 15. mál, íbúáþing. Íbúáþing í Garðabæ

Bæjarráð Garðabæjar fjallaði um bréf yðar á fundi sínum 12. nóvember sl. Bæjarráð gerir ekki sérstaka athugasemd við frumvarpið en samþykkti að senda félagsmálanefnd Alþingis upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og kostnað íbúáþings sem haldið var nýlega hér í bæ. Upplýsingarnar eru sendar til fróðleiks og geta ef til vill auðveldað nefndinni að meta kostnaðaráhrif frumvarpsins fyrir sveitarfélögin.

Íbúáþing var haldið í Garðabæ laugardaginn 19. október sl. Íbúáþingið var haldið í tengslum við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins sem vinna er að hefjast við. Garðabær samdi við fyrirtækið Alta um framkvæmd þingsins og sáu starfsmenn þess um að stýra þinginu og um fyrstu úrvinnslu niðurstaðna. Á íbúáþinginu var notuð aðferð sem kallast samráðsskipulag og Alta hefur sérhæft sig í hér á landi í samstarfi við breska fyrirtækið John Thompson & Partners. Með samráðsskipulagi er reynt að tryggja að allir hafi jafna möguleika á að tjá sig. Unnið er í umræðuhópum þar sem þinggestir tjá sig skriflega og í skipulagshópum þar sem unnið er að skipulagi yfir kortum.

Ríflega 200 manns komu á íbúáþingið í Garðabæ. Fyrir þingið var unnið með um það bil 40 9 ára börnum í Flata- og Hofsstaðaskóla sem fengu tækifæri til að setja fram sína drauma og framtíðarsýn.

Kostnaður við þingið var um það bil 5,5 milljónir og er þá meðtalinn kostnaður við auglýsingar, prentun og leigu á sölum.

Fyrstu niðurstöður þingsins voru kynntar á opnum fundi þriðjudagskvöldið 22. nóvember. Að fundinum loknum var dreift blaði, sem fylgir hér með, með helstu niðurstöðum þingsins. Íbúáþingið í Garðabæ skilaði áhugaverðum niðurstöðum og hefur bæjarstjórn þegar ákveðið að fela skipulagsnefnd að greina þær betur, sérstaklega hvað varðar þéttingu byggðar vestan Hafnarfjarðarvegar og í miðbænum.

Virðingarfyllst,

Guðfinna B. Kristjánsd.

Guðfinna B Kristjánsdóttir
upplýsingastjóri Garðabæjar



Alþingi

Erindi nr. P 128/291

komudagur 27.11.2002

Grundarfirði, 22. nóvember 2002.

Nefndasvið Alþingis
- Félagsmálanefnd / Hildur Njarðvík nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Frá;
Bæjarstjórn Grundarfjarðar

Efni; Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 – um íbúáþing. Þskj. 15 – 15. mál. 128. löggjafarþing.

Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðar þann 14. nóvember 2002 var tekið fyrir erindi félagsmálanefndar Alþingis; frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 – um íbúáþing.

Eftirfarandi er umfjöllun og álit bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar um frumvarpið og sendist nefndinni hér með. Beðist er velvirðingar á að ekki náðist að senda umsögnina fyrir 20. nóvember eins og æskt var.


Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar lýsir sig andvíga frumvarpinu. Ástæða þess er sú að bæjarstjórn telur að það eigi að vera á valdi hvernar sveitarstjórnar að ákveða hvernig þátttökulýðræði nái best fram að ganga og sé best þjónað.

Bæjarstjórn telur að íbúáþing geti sannarlega verið af hinu góða, en telur ekki rétt að leiða þau í lög sem skyldu sveitarfélaga.

Við umræðu í bæjarstjórn var varpað fram þeirri hugmynd, sem hér með er látin fljóta með, hvort rétt væri að skylda ætti löggjafann / alþingismenn til að halda íbúáþing á landsvísu.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðar,


Björg Agústsdóttir
bæjarstjóri



Bæjarstjórnin
Grundarfirði

Alþingi
Erindi nr. P 128/536
komudagur 4.12.2002

Benedikt Benediktsson
Helgafellssveit
Saurum
340 Stykkishólmur
sími: 438 1485

Félagsmálanefnd Alþingis

02. desember 2002

Á fundi hreppsnefndar Helgafellssveitar 25. nóvember var tekið fyrir bréf frá félagsmálanefnd Alþingis dags 06. nóvember engar athugasemdir voru gerðar við breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

Kveðja

Benedikt Benediktsson
Benedikt Benediktsson

Oddviti Helgafellssveitar



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt. 640169-5599

Alþingi
Erindi nr. P 128/303
komudagur 28.11.2002

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Húsavík 26. nóvember 2002
Tilvísun: 2002110008

Efni: Beiðni um umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Bæjarráð Húsavíkurbæjar fjallaði um erindið á fundi sínum 25. nóvember s.l.

Ákveðið var að gefa ekki sérstaka umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllt

Guðmundur Nielsson, bæjarritari.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/507
komudagur 4.12.2002



Alþingi
Félagsmálanefnd,
bt. Hildar Njarðvík, nefndarritara.
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hveragerði, 02. des. 2002

Efni: Bréf yðar frá 6.nóvember 2002.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar sem haldinn var hinn 28.nóvember sl. var tekið til umfjöllunar ofangreint erindi þitt.

Eftirfarandi var fært til bókar;

" 1.1. Alþingi frá 6. nóvember 2002.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum varðandi íbúáþing.

Bæjarráð styður hugmyndir um aukna þátttöku íbúa í stefnumótun og vinnu sveitarfélaga en hefur efasemdir um nauðsyn þess að binda slíkt í lög."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
f. h. Hveragerðisbæjar,

Linda María Vilhjálmssdóttir
Linda María Vilhjálmssdóttir.

Alþingi
Erindi nr. P 128/370
komudagur 2.12.2002

Hörgárbyggð, Pelamerkurskóla, 601 Akureyri


26. nóv. 2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar tók fyrir á fundi sínum þann 20. nóv. s.l. frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, þingskjal 15 – 15. mál. Sveitarstjórn er jákvæð fyrir þeim tillögum sem þarna koma fram.

f.h. Hörgárbyggðar,


Helga A. Erlingsdóttir
SVEITARSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 128/252
komudagur 22.11.2002

Miðgarði 19 nóvember 2002

Félagsmálanefnd
bt Hildar Njarðvík
Alþingi
150 Reykjavík

Varðandi beiðni félagsmálanefndar Alþingis um umsögn varðandi frumvarp til sveitastjórnalaga. 15. mál íbúáþing. Innri Akraneshreppur gerir ekki athugasemd við frumvarpið.





Alþingi
Erindi nr. P 128/336
komudagur 29.11.2002

ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Félagsmálanefnd Alþingis
150 Reykjavík

Ísafirði, 27. nóvember 2002
Tilvísun: 2002110026 / 0104
HH/ÞP

Efni: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga 15. mál, íbúáþing.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 25. nóvember s.l., var samþykkt svohljóðandi umsögn Ísafjarðarbæjar við frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar telur íbúáþing vera góða aðferð til að auka samskipti kjörinna fulltrúa og íbúa viðkomandi sveitarfélags. Íbúáþing eru þanni viðbót við hefðbundna borgarafundi og sambærilega samráðs- og upplýsingafundi.

Engu að síður telur bæjarráð ekki ástæðu til að binda í lög ákvæði um íbúáþing. Það er ekki nauðsynlegt né heldur tímabært að lögbinda aðferð af þessu tagi enda eru sveitarfélög landsins að þróa aðferðina og hafa sjálf haft frumkvæði að því. Það eru ekki góð skilaboð frá Alþingi að gera sveitarfélögum skilt með lögum að sinna verkefni sem sveitarfélögin eru að þróa sjálf.

Það er mat bæjarráðs að heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum þurfi að eiga sér stað. Eðlilegra er að Alþingi hefji slíka vinnu, en að koma með einstakar viðbætur við núgildandi lög."

Ofanrituð umsögn Ísafjarðarbæjar tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllt

Halldór Halldórsson

- bærarstjóri -

Alþingi
Erindi nr. P 128/201
komudagur 20.11.2002


Kolbeinsstaðahreppur (3701)
Ásbrún Kolbeinsstaðahrepp
311 Borgarnes
Sími/fax: 4356760
Netfang: olisf@mi.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
50 Reykjavík

Efni: Svar við beiðni Félagsmálanefndar Alþingis um umsögn sveitarstjórnar við frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingafyllst


Ólafur Sigvaldason oddviti.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/ 70
komudagur 15.11.2002



MOSFELLSBÆR

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

360-2
02/284
50.17

Mosfellsbær 14. nóvember 2002

Á 360. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar sem haldinn var þann 13. nóvember 2002, var tekið til umsagnar bréf Félagsmálanefndar Alþingis varðandi frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum varðandi íbúáþing.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar styður efnislega framkomið frumvarp.

Þessi afstaða bæjarstjórnar Mosfellsbæjar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarstjórnar


Stefán Ómar Jónsson
bæjarritari



BÆJARRITARI
MOSFELLSBÆJAR



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Í Ólafsfirði 1-20. nóvember 2001.

Umsögn bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar vegna frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45 1998. Þingskjal 15 – 15. mál frá 128 löggjafarþingi 2002-2003.

Á fundi bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar þann 19. nóvember 2002 var frumvarp til sveitarstjórnarlaga 15. mál, íbúáþing, kynnt og rætt. Umsögn bæjarráðs er svo hljóðandi:


“Það er skylda kjörinna fulltrúa sem og starfsmanna sveitarfélaga að leitast eftir sem nánustu samstarfi við íbúa í hverju því máli sem varða hagsmuni þeirra og sveitarfélagsins. Þessari skyldu er hægt að sinna á margvíslegan hátt. Íbúáþing er ný og áhugaverð leið í þessum efnum.

Við hér í Ólafsfjarðarbæ höfum fylgst af áhuga með framkvæmd þeirra íbúáþinga sem sveitarfélög smá og stór, hafa verið að halda að undanfögnu og vonast til að geta lært af reynslu þeirra.

En við getum ekki mælt með að sveitarstjórnun sé gert skylt að standa fyrir íbúáþingi á hverju kjörtímabili nema að þeim séu tryggðar fjárveitingar til að standa straum af þeim kostnaði sem af slíku þinghaldi stafar.

Við viljum ítreka að þetta sjónarmið á við öll ný verkefni sem bæði löggjafarvald og/eða framkvæmdavald hyggjast leggja á sveitarfélögin í landinu”.

F.h. bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar


Stefanía Traustadóttir
bæjarstjóri



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/3 t1
komudagur 2.12.2002

Reykjavík, 19. nóvember 2002

R01030012

170

GE/is

Alþingi - Félagsmálanefnd

150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum, íbúafing

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn skrifstofustjóra borgarritara frá 12. þ.m. um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum, íbúafing.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:

Skrifstofustjóri borgarritara



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Kristbjörg Stephensen

Umsögn um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum, íbúáþing


Með bréfi, dags. 6. nóvember sl. óskaði félagsmálanefnd Alþingis umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum. Frestur til að skila umsögn var veittur til 20. nóvember nk.

Frumvarpið lýtur að því að í sveitarstjórnarlög komi nýtt ákvæði sem fjalli um skyldu sveitarstjórna til að standa að íbúáþingi að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili. Á þinginu skuli sveitarstjórn hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsroðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlun. Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að vegna hlutverks sveitarstjórna við að tryggja góða þjónustu sé samráð við íbúana um málefni sveitarfélaga nauðsynlegt, almenningur kalli eftir auknu samráði og þá oftast um einstök málefni, s.s. á sviði skipulagsmála og skólamála. Draga megi þá ályktun af þróun mála að fulltrúalýðræði eitt og sér nægi ekki lengur til að skapa öflug, framsýn og lifandi sveitarfélög, það geti aðeins gerst með því að íbúarnir taki virkari þátt í mótun samfélagsins.

Taka má undir það sem fram kemur í greinargerðinni um aukna þörf fyrir samráð sveitarstjórna við íbúa í sveitarfélaginu enda hafa Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög í auknum mæli leitað eftir slíku samráði. Íbúáþing er hins vegar aðeins eitt form samráðs. Sem dæmi um annars konar samráð má nefna ýmiss konar hverfissamstarf, skoðanakannanir, aukið samráð í tengslum við skipulagsáskvarðanir, hverfafundi auk þeirra möguleika sem veraldarvefurinn býður upp á. Í ljósi sjálfsforræðis sveitarfélaga á sínum málum er eðlilegra að sveitarstjórnir ákveði sjálfar með hvaða hætti þær vilja hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins og leggi mat á hvaða samráðsform hentar hverju sinni.

Nú þegar eru nægar heimildir að lögum fyrir sveitarstjórnir til að hafa samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Vakin er athygli á að ákvæði 104. gr. sveitarstjórnarlaga heimilar sveitarstjórnnum að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. Jafnframt er kveðið á um skyldu til að halda

almennan borgarafund ef 1/4 hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Ekki hefur verið talið að ákvæðið komi í veg fyrir annars konar samráð en á vettvangi almennra borgarafunda. Ákvæðið tekur fyrst og fremst á því hvaða áhrif almennur borgarafundur getur haft á ákvarðanir sveitarstjórna.



Kristbjörg Stephensen



Alþingi
Erindi nr. P 128/600
komudagur 9.12.2001

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. desember 2002

Sam 405/2002 PS/sp
Tilv.: 215,0/05

Efni: Frumvarp til sveitarstjórnarlaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 3. desember, var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 6. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga



Umsögn

**Sambands íslenskra sveitarfélaga
um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál.**

Lagst er gegn samþykkt frumvarpsins.

Ýmis sveitarfélög hafa á undanförunum árum efnt til íbúáþinga, samanber 104. gr. sveitarstjórnarlaga um borgarafundi. Eðlilegast er að sveitarfélög hafi áfram fullt ákvörðunarvald til að þróa það nýmæli ásamt öðrum aðferðum sem sveitarfélög beita í auknum mæli til að stuðla að meira íbúalýðræði. Með samþykkt frumvarpsins væri skertur sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga hvað varðar samskipti íbúa og sveitarstjórna.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 3. desember 2002.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/251
komudagur 22.11.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seyðisfirði 21. nóvember 2002


Félagsmálanefnd:

Mál 15: Íbúáþing


Lagt fram á stjórnarfundum SSA 19. nóvember 2002.

Umsögn ekki veitt

Virðingarfyllt


Þorvaldur Jóhannsson
frankvæmdastjóri SSA

Alþingi
Erindi nr. P 128/235
komudagur 21.11.2002
128/235



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 18. nóvember 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 14. nóvember s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 6. nóv. 2002, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til sveitartjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi
Erindi nr. P 128/236
komudagur 21.11.2002

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Súðavík, 20. nóvember 2002.

Efni: Varðandi bréf dags. 06.11.2002 vegna frumvarps til sveitarstjórnarlaga, 15 mál íbúáping.

Á fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps þann 19. nóvember s.l. var fjallað um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15 mál íbúáping.

Á fundinum samþykkti hreppsnefnd að gera engar athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hér með.



Ómar Már Jónsson,
sveitarstjóri.

Selfossi 18. nóvember 2002

Tilvísun: 2002110040HH/--

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, íbúáþing


Á fundi bæjarráðs Árborgar fimmtudaginn 14. nóvember 2002 var tekið fyrir erindi frá félagsmálanefnd Alþingis, dags. 6. nóvember 2002, varðandi umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Eftirfarandi var bókað:

"Bæjarráð styður meginefni frumvarpsins og telur að það sé tímanna tákni að stjórnun sveitarfélaga sé opin og lýðræðisleg. Íbúáþing er gott tæki til þess að auðvelda íbúum þátttöku í stefnumótun hjá sveitarfélögum. Bæjarráð telur hins vegar ekki þörf á að löggjafinn hlutist til um stjórnun sveitarfélaga með því að lögbinda íbúáþing."

Framangreind afgreiðsla tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst

Bæjarritarinn í Árborg

Helgi Helgason
bæjarritari



Félagsmálanefnd Alþingis
bt. Hildur Njarðvík nefndarritari
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Hornafirði, 15. nóvember 2002


**Málefni: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, mál nr. 15,
íbúáþing.**

Á fundi Bæjarráðs Hornafjarðar 14. nóvember s.l. var til afgreiðslu ofangreint málefni, sbr. bréf þitt dags. 6. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar bæjarráðs um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 15. mál, íbúáþing.

Bæjarráð tók ekki afstöðu til frumvarpsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Ólafía I. Gísladóttir,
ritari



Sauðárkróki 18. nóvember 2002.

Umsögn sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar um:

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 15 — 15. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Margrét Frímansdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,

Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller.

1. gr.

Á eftir 104. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo ásamt fyrirsögn:
Íbúáþing.

Sveitarstjórn skal að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili standa fyrir íbúáþingi. Á þinginu skal sveitarstjórn leitast við hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlun. Tryggt skal að að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónar miðum sínum á framfæri.

Sveitarstjórn skal að loknu íbúáþingi gera grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd íbúáþings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við frumvarpið – almennt.

- ✓ Ég fagna auknum áhuga á að formfesta samráð sveitarstjórna við íbúa sveitarfélaga. Spurning hvort ekki ætti að skylda sveitarstjórnir til að hafa íbúáþing innan 12 mánaða frá kosningum.
- ✓ Málsgreinin "Tryggt skal að að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónar miðum sínum á framfæri." þarfnast nánari útskýringa. Á sveitarfélagið t.d. að sjá um fólksflutninga á íbúáþingið?

Athugasemdir við greinargerðina – almennt.

- ✓ Það er fyrst og fremst notkun á hugtökunum íbúalýðræði og þáttökulýðræði sem er athugasemdarvert. Hugtökin fyrirfinnast ekki í núverandi Sveitarstjórnarlögum og í greinargerðinni er verið að útpynna lýðræðishugtakið. Í frumvarpinu er verið að tala um samráðsvettvang framkvæmdavaldsins í sveitarfélaginu og íbúanna. Einnig er s k fulltrúalýðræði notað á Íslandi og óþarfi að "hræra" mörgum "lýðræðum" saman.
- ✓ Tekið er undir það sjónarmið að fá fram hjá almenningi þekkingu og sjónarmið svo flest mál fái sína eðlilegu umfjöllun.
- ✓ Rétt er að binda tímasetningu íbúafings við fyrri hluta kjörtímabils m.a. með hliðsjón af þriggja ára áætlunum og fjárhagsáætlunum almennt.

Virðingarfyllst,

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/89
komudagur 18.11.2002

Félagsmálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Vogum 15.11.2002

VOGAR

Skrifstofa

Vatnsleysustrandarhrepps

löndal 2

190 Vogum

sími: 424 6660

fax: 424 6606

netfang:

skrifstofa@vogar.is

www.vogar.is

Staðfest endurritun úr fundargerðabók
Vatnsleysustrandarhrepps.


Á fundi hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps þann 12.11 s.l. var tekið fyrir frumvarp til sveitarstjórnarlaga dags. 6/11 2002 varðandi íbúafing.

Um erindið var eftirfarandi bókun gerð. :

“Hreppsnefnd tekur ekki afstöðu til frumvarpsins”

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Vatnsleysustrandarhrepps


Heiður Huld Friðriksdóttir.



ÞINGEYJARSVEIT

Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
Heimasíða: www.thingeyjarsveit.is

Félagsmálanefnd Alþingis
Hildur Njarðvík nefndarritari
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

11. 11. 2002

Efni: Umsögn um breytingarfrumvarp til sveitarstjórnarlaga - íbúáþing.

128. löggjafarþing 2002-2003 Þskj. 15 – 15. mál

Undirritaður þakkar fengið tækifæri til þess að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og fagnar því að hnykkt verði á skyldu sveitarfélaga til samráðs við íbúana með íbúáþingum. Eflaust liggur að baki talsverð umþóttun og röksemdafærsla að setja um íbúáþing sérstaka grein í lögnum en við fyrstu sýn virðist efnið þó geta fallið efnislega innan 104. greinar. Eftirfarandi eru hugleiðingar undirritaðs um nokkur atriði greinarinnar til umhugsunar við undirbúning málsins:

1. Að jafnaði. Skýrt virðist hver sé tilgangur og eðli íbúáþings og því eðlilegt að það sé haldið einu sinni á hverju kjörtímabili fyrst það er tilgreint sérstaklega í lagatextanum. Virðist orðunum *að jafnaði* því ofaukið einkum þar sem engin sveitarstjórn getur gengið að því vísu að starfa fleiri en eitt kjörtímabil í senn.
2. Langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlun. Hér er þröngt skilgreint og gæti verið betra að taka til almenna stefnumótun á vegum sveitarfélagsins, n.k. leiðarljós til framtíðar, s.s. við stefnumótun og áætlanagerð til lengri tíma, (t.d. gerð aðalskipulags, tilgreina víðtæk stefnumótunarverkefni eins og t.d. staðardagskrá 21 eða aðra stefnumótun sem varðar almenn búsetugæði í sveitarfélaginu).
3. Gera grein fyrir tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum. Svo virðist sem þarna megi ætlast til þess að sveitarfélagið verði að gera grein fyrir hverri einustu skoðun og skoðanaskiptum sem gæti flækt úrvinnsluna verulega. Þetta mætti gera viðráðanlegra með orði eins og meginstraumum: *...gera grein fyrir framkomnum tillögum og meginstraumum í skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu...*
4. Áform sveitarstjórnar um eftirfylgni. Erfitt gæti orðið fyrir sveitarfélög að gera grein fyrir því hvaða áhrif tillöguflutningur og skoðanir sem fram koma á íbúáþingi munu hafa á hina raunverulegu stefnumótun og framkvæmdaáætlanir


nema með almennum orðalagi. Ef kynna á niðurstöðu íbúáþings innan ákveðins tíma þyrfti væntanlega að gera það fljótlega eftir að þinginu lauk. Ákvæði sem gerir ráð fyrir að straumar og stefnur íbúáþings séu þegar komnar inn í formlæg áform sveitarfélagsins gæti verkað hamlandi á kynningu þess og skýrslugerð og tafið úrvinnslu. Orðalag um eftirfylgni gæti af sömu sökum orðið flatneskjulegt og almennt. Ákvæðinu mætti því sleppa.

5. Opinn fundur og/eða skýrsla. Varla má sleppa sveitarfélaginu við að birta skýrslu eða samantekt um þingið þannig að þátttakendur sjái þess einhvers staðar stað í opinberum plöggum að það hafi verið til einhvers að mæta á þingið, hafa skoðanir og sjá tilgang með að víðra þær opinberlega á slíkum vettvangi. Sveitarstjórn ætti því að hafa skyldu til að *birta skýrslu á heimasíðu sinni og/eða prentaðri til dreifingar inn á hvert heimili í sveitarfélaginu og gera ennfremur grein fyrir áhrifum þingsins á störf hennar á opnum fundi.* Væntanlega yrði ákveðið í reglugerð hver ætti að vera tímafrestur sveitarstjórnar til að ljúka þessari úrvinnslu, skýrslugerð, útgáfu og fundarhaldi. Það er mikilvægt atriði til þess að setja verkefninu heildstæðan tímaramma og frestur til að ljúka því má ekki vera of langur til þess að tryggja áhuga almennings til virkrar þátttöku í íbúáþingum.

Í greinargerð er rætt um að æskilegt væri að óhlutdrægur aðili verði fenginn til að stýra samráði á íbúáþingi. Vandí gæti skapast varðandi slíkt ef öll sveitarfélögin ættu að halda íbúáþing á svipuðum eða sama tíma og e.t.v. varhugavert að kveða á um hvenær á kjörtímabilinu eigi að halda slíkt þing. Verður að telja heppilegt t.d. fyrir nýkjörnar sveitarstjórnir að nokkur tími líði þar til sveitarstjórnarmenn hafa ákjósanlegar forsendur til þess að ræða stefnumótun fyrir sveitarfélagið í víðu samhengi. (Endurkjörnar stjórnir ættu þó að geta gengið tiltölulega snemma til íbúáþings með skilvirkum og árangursríkum hætti.)

Síðast en ekki síst verður að taka skýrt fram að sveitarstjórnir hljóta að **gera þá skýlausu kröfu til löggjafarvaldsins að það leggi ekki fjárhagslega íþyngjandi byrðar á sveitarfélögin án þess að tekjustofnar fylgi.** Vænta má að kostnaður vegna íbúáþings hlauti á hundruðum þúsunda, líklega þó milljónum, og fyrir lítil og meðalstór sveitarfélög sem varla hafa borð fyrir báru þyngir lögbundið íbúáþing róðurinn verulega. E.t.v. mætti ætla Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eitthvert hlutverk varðandi þennan kostnað en það er skýr krafa sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar að ekki verði gengið enn frekar á ráðstöfunarfé sveitarfélaga en orðið er. Hins vegar er ljóst að íbúáþing eru vænlegur kostur til þess að virkja íbúana með lýðræðislegum hætti í starfsemi sveitarfélaga og stefnumótun til framtíðar. Því ber að fagna þessari viðleitni til að auka áhrif þeirra enda fylgi slíkum lagabókstaf með tilheyrandi kostnaði samsvarandi fjárframlög úr ríkissjóði.

Virðingarfyllst,


Jóhann Guðni Sveinsson
sveitarstjóri

